

Inngangur

Við stöndum frammi fyrir gríðarlegum efnahagsvanda og glímum í senn við fjármálakreppu, gjaldeyriskreppu og efnahagshrun. Mikill samdráttur er framundan með kaupmáttartapi og meira atvinnuleysi en við höfum séð í áratugi.

Nú þegar þarf að takast á við mikla skuldsetningu heimilanna, kaupmáttarhrap og stóraukið atvinnuleysi. Koma verður í veg fyrir hrun atvinnulífsins og enn meiri fækkun starfa með því að tryggja fyrirtækjunum nú þegar lífvænlegan rekstrargrundvöll. Forgangsverkefnið eru að skapa skilyrði til vaxtalækkunar, losa um gjaldeyrishömlur og tryggja eðlilega bankastarfsemi.

Hugmyndafræðin sem færði okkur í þessar ógöngur byggði á græðgi og hömluleysi. Athafnarsömum aðilum á markaði mátti ekki setja neinar skorður; þeir gátu allt og máttu allt. Eftirlit og reglur voru bannorð hjá boðberum hugmyndafræðinnar. Eftirlitsstofnanir samfélagsins áttu undir högg að sækja og talað var í niðrandi tóni um „eftirlitsiðnað“. Þessi hugmyndafræði hefur nú leitt yfir okkur mestu efnahagslegu hörmungar á síðari tímum.

Við þurfum að gera upp við þessa hugmyndafræði og læra af mistökum okkar. En það sem meiru máli skiptir er að við ákveðum hvernig við tökumst á við framtíðina. Við þurfum að byggja upp trúverðugleika á íslenskt efnahagslíf og eignast traustan gjaldmiðil. Sú spá sem hér er sett fram byggir á þeirri veigamiklu forsendu að það takist að skapa slíkan trúverðugleika. Með krónu sem gjaldmiðil náum við ekki þeim stöðugleika sem þarf til að byggja upp sterkt efnahags- og atvinnulíf og tryggja launafólki ásættanleg lífsgjör til framtíðar.

Þar skiptir miklu að ákveða strax hvert við viljum stefna. Við megum ekki draga þann lærdóm af óförum okkar að best sé að við lokum okkur af frá umheiminum. Við eigum þvert á móti að takast á við framtíðina í samstarfi við aðrar þjóðir. Ársfundur Alþýðusambandsins ályktaði í haust að eina færa leiðin sé sú að Ísland sækir um aðild að Evrópusambandinu og taki í kjölfarið upp evru. Þetta er engin töfralausn sem í skyndi leysir allan okkar vanda. Slíkt er fjarri lagi, en þetta er sú leið sem gagnast okkur best til að leggja nýjan grunn að bættum hag heimila og öfluggu efnahags- og atvinnulífi.

Þau rök heyrast oft í umræðunni, að sú leið að sækja um aðild að Evrópusambandinu og evrópska myntsamstarfinu, sé of seinfarin. Þessi rök eru haldlítil. Það er engin flýtleið í gegnum þann vanda sem við blasir. En ef við leggjum aldrei af stað í vegferðina þá komumst við aldrei á leiðarenda. Við þurfum einfaldlega að bretta upp ermar og gera nauðsynlegar breytingar á stjórnarskránni og skilgreina þau samningsmarkmið sem við viljum setja okkur í viðræðum við Evrópusambandið. Í framhaldinu verði svo látið reyna á það í formlegum viðræðum hvort ásættanlegar lausnir náist í mikilvægum málum eins og sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum. Þjóðin á síðan síðasta orðið þegar aðildarsamningur verður borinn undir þjóðaratkvæði.

Dökkar horfur næstu tvö ár en birtir til 2011

Framundan er mesta samdráttarskeið sem íslenskt efnahagslíf hefur gengið í gegnum á síðari tímum. Allt útlit er fyrir að niðursveiflan verði bæði dýpri og lengri en fyrstu spár eftir bankahrunið í haust gerðu ráð fyrir. Heimili og fyrirtæki róa mörg lífróður vegna hárra vaxta, mikillar verðbólgu, veikrar stöðu krónunnar og skerðingar á tekjum og eignum. Reynst hefur erfiðara en gert var ráð fyrir, að koma starfsemi bankakerfisins aftur í viðunandi horf eftir hrunið og lánaþyrngreiðslur til fyrirtækja og heimila eru mjög takmarkaðar. Atvinnuleysi eykst hratt og verður 8-9% næstu þrjú árin og ekki útlit fyrir að viðsnúningur verði á vinnumarkaði fyrr en á árinu 2011. Þungar vaxtagreiðslur, samdráttur í tekjum og aukin útgjöld til almannatrygginga munu reyna verulega á rekstur hins opinbera á næstu árum. Verðbólga nær hámarki á fyrsta ársfjórðungi þessa árs en gengur eftir það hratt niður og verður komin niður undir 3% í árslok. Samhliða því mun Seðlabankinn hefja lækun stýrivaxta á öðrum ársfjórðungi þessa árs.

YFIRLIT YFIR SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

Hlutfallsleg breyting	2007	Áætlun 2008	Spá 2009	Spá 2010	Spá 2011
Einkaneysla	4,3	-6,8	-29,7	-9,6	7,9
Samneysla	4,2	3,5	1,6	1,6	2,5
Fjármunamyndun	-13,7	-26,8	-26,4	17,4	2,7
<i>þar af atvinnuvegir</i>	-26,0	-32,9	-16,6	27,9	2,1
<i>þar af húsnæði</i>	13,2	-31,8	-49,3	-7,7	7,0
<i>þar af hið opinbera</i>	19,2	6,4	-31,0	0,7	2,7
Þjóðarútgjöld	-1,4	-9,4	-22,0	-1,2	5,5
Útflutningur	18,1	9,8	4,9	3,3	7,5
Innflutningur	-1,4	-16,2	-27,8	7,0	11,4
Landsframleiðsla	4,9	0,4	-9,1	-1,7	4,4
Verðbólga ¹	5,0	12,4	11,0	0,1	1,4
Atvinnuleysi ²	1,0	1,6	9,2	9,1	7,8
Gengisvísitala ³	118	166	208	183	174
Vlðskiptajöfnuður ⁴	-15,4	-15,0	-9,8	-6,7	0,8

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðs vísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu

Aðstæður eru þröngar í efnahagslífinu víðar en hér á landi. Erfið staða er á erlendum fjármálamörkuðum og versnandi horfur í alþjóðahagkerfinu sem valda því að enn erfiðara en ella verður fyrir íslenskt efnahagslíf að rétta aftur úr kútnum.


Við okkur blasa tvö erfið ár þar sem draga mun verulega úr umsvifum efnahagslífsins. Áætlanir gera ráð fyrir að landsframleiðsla hafi aukist lítillega, eða um 0,4%, á árinu 2008 og samkvæmt spá hagdeildar dregst landsframleiðsla saman um 9,1% á þessu ári og um 1,7% á árinu 2010, en tekur

við sér eftir það og eykst um 4,4% á árinu 2011. Þessi spá byggir á því að okkur takist að skapa tiltrú á íslenskt efnahagslíf. Takist það ekki er hættu á að hagkerfið festist í dróma.

Þröng staða heimilanna

Staða margra heimila er þröng. Allar helstu nauðsynjar hafa hækkað mikið í verði undanfarið ár, vextir eru háir og greiðslubyrði gengis- og verðtryggðra lána hefur hækkað mikið. Á sama tíma hafa mörg heimili orðið fyrir umtalsverðri tekjuskerðingu vegna atvinnumissis, launalækkana eða minnkandi starfshlutfalls. Ráðstöfunartekjur sem heimilin hafa til neyslu hafa því dregist hratt saman á síðustu mánuðum og mun sú þróun halda áfram á þessu ári. Við gerum í spá okkar ráð fyrir því að þetta endurspeglist í hratt minnkandi einkaneyslu næstu tvö árin. Auk þess gerum við ráð fyrir nokkurri fólksfækkun hér á landi vegna brotthvarfs erlends starfsfólks af landinu og búferlaflutningum Íslendinga sem degur úr samanlagðri einkaneyslu.

Þegar í lok síðasta árs sáust skýr merki um minnkandi einkaneyslu en hún dróst saman um tæp 7% milli árana 2007 og 2008. Á yfirstandandi ári mun einkaneysla dragast saman um tæpan þriðjung og á árinu 2010 um tælega 10% en 2011 áætluð við að einkaneysla verði svo til óbreytt frá fyrra ári.




Kaupmáttur launa rýrnar áfram

Kaupmáttur launa rýrnaði um 8,4% á árinu 2008 og hefur ekki dregist jafn mikið saman síðan 1990. Útlit er fyrir áframhaldandi rýrnun kaupmáttar á næstu mánuðum. Launaskrið verður að líkindum lítið og launahækkanir hóflegar á næstu misserum vegna þröngrar stöðu á vinnumarkaði en verðbólga mun á næstu mánuðum ganga hratt niður. Hagdeildin áætlar að kaupmáttur rýrni um 7% á yfirstandandi ári en aukist nokkuð á ný á árunum 2010 og 2011, þegar verðlag verður stöðugt og hagkerfið tekur við sér að nýju.

Erfiður rekstur hins opinbera

Efnahagsþrengingarnar koma illa við fjárhag bæði ríkis og sveitarfélaga. Halli ríkissjóðs í ár er áætlaður um 153 milljarðar, þar af eru vaxtagreiðslur áætlaðar um 86 milljarðar eða ríflega helmingur hallans. Samkvæmt sameiginlegri efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er gert ráð fyrir að á árinu 2011 verði afgangur af rekstri ríkissjóðs, þegar vaxtagreiðslur eru undanskildar og tekið hefur verið tillit til sérstakra útgjalda og tekj samdráttar vegna hagsveiflunnar. Slíkur afgangur næst ekki án þess að verulegu aðhaldi verði beitt í ríkisrekstrinum. Við þetta bætist að útgjöld til almanna-trygginga munu aukast nokkuð á tímabilinu, m.a. vegna mikils atvinnuleysis.




Staða sveitarfélaganna er jafnvel enn þrengri en ríkissjóðs og því má gera ráð fyrir að mörg sveitarfélög verði að draga úr rekstrarútgjöldum sínum. Tekjur margara sveitarfélaga hafa á síðustu árum vaxið mikið, m.a. vegna hækkandi fasteignaskatta í kjölfar hækkandi fasteignaverðs og aukinna tekna af lóðasölu. Ljóst er að tekjur munu nú dragast verulega saman á sama tíma og gera má ráð fyrir að útgjöld, t.d. til velferðarmála, aukist. Auk þess er skuldastaða sveitarfélaganna þung og stefnir í að mörg þeirra verði rekin með halla næstu árin.

Niðurstaðan er sú að það hægir á vexti samneysluútgjalda ríkis og sveitarfélaga næstu tvö árin. Búast má við 1,6% vexti hvort ár en á árinu 2011 þegar efnahagsástandið glæðist að nýju munu samneysluútgjöld vaxa um 2,5%.

Minni fjárfestingar

Heildarfjárfesting í hagkerfinu dróst saman um tæplega 27% á nýliðnu ári og gerir spá hagdeildar ráð fyrir svipuðum samdrætti á þessu ári. Háir vextir og erfitt aðgengi að lánsfé bæði hér á landi og erlendis ráða hér miklu. Við áætlum að fjárfestingin taki heldur



við sér á árinu 2010 og aukist þá um rúm 17% en aukist svo um tæp 3% á árinu 2011. Fjárfestingum í hagkerfinu má skipta í eftirfarandi þrjá þætti; atvinnuvega-, íbúða- og opinbera fjárfestingu.

Fyrirtækin

Rekstrarstaða fyrirtækja er erfið um þessar mundir og mikil óvissa ríkir víða um framtíðarhorfur. Fyrirtæki er mörg mjög skuldsett og valda háir vextir og lágt gengi krónunnar erfiðleikum í daglegum rekstri. Þar að auki er aðgengi að lánsfé til framkvæmda mjög takmarkað bæði innanlands og á erlendum mörkuðum og því lítið svigrúm til þess að ráðast í nýframkvæmdir næstu tvö árin. Mörgum framkvæmdum sem þegar var hafist handa við eða til stóð að byrja á hefur einnig þurft að slá á frest vegna fjármögnunarerfiðleika.

Í þessari spá gerum við ráð fyrir að framkvæmdir við fyrsta áfanga álvers í Helguvík fari á fullt skrið upp úr miðju þessu ári og ljúki um mitt ár 2011. Álframleiðsla geti þá hafist í verksmiðjunni á seinni hluta árs 2011 og er áætlað að framleiðslugeta í fyrsta áfanga verði 90.000 tonn á ári.

Atvinnuvegafjárfestingin, sem samanstendur bæði af almennri fjárfestingu atvinnuveganna og fjárfestingum í stóriðju, dróst í heildina saman um þriðjung í fyrra og gerir spá okkar ráð fyrir tæplega 17% samdrætti á þessu ári. Þar af munu almennar fjárfestingar atvinnuveganna dragast saman um tæpan þriðjung en fjárfesting í stóriðju aukast á móti.

Á næsta ári áætlum við að atvinnuvegafjárfestingin aukist um tæplega 28% í heildina tekið sem rekja má til mikillar aukningar í fjárfestingum í stóriðju þegar framkvæmdir við álver í Helguvík standa sem hæst. Á árinu 2011 gerum við ráð fyrir litlum breytingum í atvinnuvegafjárfestingum, eða um 2,1% aukningu á

milli ára. Þá dregur úr fjárfestingum í stóriðju en á móti aukast aðrar fjárfestingar atvinnuveganna.

Íbúðarhúsnæði

Eftir mikinn uppgangstíma á fasteignamarkaði á undanfórnum árum þar sem byggt var íbúðarhúsnæði langt umfram þarfir markaðarins hefur nú orðið viðsnúningur. Viðskipti með fasteignir hafa degist verulega saman og velta á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu hefur minnkað um 85% frá því í ársbyrjun 2008. Lítið virðist um beinar sölur á íbúðarhúsnæði um þessar mundir og þau viðskipti sem eiga sér stað eru að mestu makaskipti aðila á eignum. Framboð á nýju óseldu íbúðarhúsnæði er mikið og áætlað hefur verið að um 2.000 íbúðir standi auðar og óseldar á höfuðborgarsvæðinu. Fasteignaverð skv. vísitölu íbúðaverðs hefur á síðustu 12 mánuðum lækkað um 2-3% að nafnvirði en á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 18%. Rekstur margra byggingarfyrirtækja er af þessum sökum mjög erfiður og óvissa mikil.

Samkvæmt áætlun dróst fjárfesting í íbúðarhúsnæði saman um 32% í fyrra og spá hagdeildar gerir ráð fyrir tæplega helmingi samdrætti á þessu ári. Á árinu 2010 mun fjárfesting í íbúðarhúsnæði enn dragast saman um tæp 8% en aukast svo á ný á árinu 2011 um tæp 7%.

Híð opinbera

Fyrirséð er stóraukið aðhald í fjármálum ríkis og sveitarfélaga á næstu árum, og verulegur niðurskurður í rekstri og fyrirhuguðum framkvæmdum óhjákvæmilegur í kjölfar bankahrunsins. Mörgum opinberum framkvæmdaverkefnum hefur verið slegið á frest og þrátt fyrir að sum sveitarfélög hafi í áætlunum sínum gert ráð fyrir háu fjárfestingarstigi á þessu ári er aðgengi opinberra aðila líkt og annarra að lánsfjármagni takmarkað. Á yfirstandandi ári gerum við ráð fyrir að fjárfestingar á vegum hins opinbera dragist saman um tæplega þriðjung en breytingar á árunum 2010 og 2011 verði litlar.


Viðskiptahallinn hverfur

Magn útflutnings jókst um tæp 10% á liðnu ári, fyrst og fremst vegna aukinnar álframleiðslu Alcoa á Reyðarfirði. Þrátt fyrir lækkingu verð á sjávarafurðum og áli á heimsmarkaði er samkeppnisstaða útflutningsgreinanna góð um þessar mundir vegna veikrar stöðu krónunnar. Við áætlum að útflutningur aukist að magni til um 5% á þessu ári og ríflega 3% árið 2010 sem skýrist af batnandi samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á erlendum mörkuðum og auknum fiskveiðiheimildum. Á árinu 2011 gerum við ráð fyrir að álverði í Helguvík hefji framleiðslu og útflutningur aukist um 7,5% á því ári.

Innflutningur dróst hratt saman á síðasta ári þegar bæði dró úr innflutningi fjárfestingarvara til stóriðjuuppbyggingar og innflutningi á varanlegum neysluvörum í kjölfar veikingar krónunnar og gjaldeyriskreppu í kjölfar bankahrunsins í október. Áfram degur mikið úr innflutningi á þessu ári, um 28%, vegna minnkandi eftirspurnar og lágs gengis, en á móti kemur innflutningur á fjárfestingarvörum vegna framkvæmda í Helguvík á síðari hluta árs. Á næsta ári eykst innflutningur á ný um 7%, einkum vegna aukins innflutnings á fjárfestingarvörum til álvers og orkuvera. Árið 2011 er gert ráð að innflutningur aukist um 11% þegar einkaneysla tekur að aukast á ný.

Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd verður á bilinu 8-9% af landsframleiðslu á tímabilinu 2009-2011 sem skýrist af hratt minnkandi innflutningi samhliða batnandi samkeppnisstöðu útflutningsgreinanna. Mikil óvissa ríkir þó um viðskipta-jöfnuðinn í heild þar sem litlar upplýsingar liggja fyrir um skuldastöðu þjóðarþúsins og því erfitt að áætla vaxtagreiðslur af erlendum skuldum sem verða umtalsverðar næstu árin.


Hagdeildin áætla að viðskiptahallinn fari þrátt fyrir þetta hratt lækkandi og að undir lok tímabilsins verði viðskiptajöfnuður jákvæður.



Verðbólga lækkar hratt

Verðbólga á árinu 2008 var sú mesta sem verið hefur síðan fyrir þjóðarsáttarsamningana árið 1990. Á fyrri hluta árs olli fallandi gengi krónunar og miklar hækkanir á olíu og hrávörum á heimsmarkaði, talsverðum verðhækkunum innanlands. Eftir hrun bankakerfisins í október féll gengi krónunnar skart og í kjölfarið jókst verðbólga hratt. Miklar verðhækkanir urðu á öllum helstu vörumörkuðum einkum á innfluttum vörum en einnig talsverðar á innlendum framleiðsluvörum. Verðlækkanir á olíu og hrávörum á heimsmarkaði, sem dregið hafa verulega úr verðbólgu erlendis undanfarna mánuði, hafa ekki skilað sér til neytenda hér á landi nema að litlu leyti vegna veikrar stöðu krónunnar. Á móti vegur að húsnæðisverð sem verið hefur einn helsti verðbólguvaldur undanfarna ára tók að lækka á nýliðnu ári.

Spár um þróun verðlags eru háðar mikilli óvissu, einkum er varðar þróun á gengi krónunnar. Í mati okkar gerum við ráð fyrir því að gengið styrkist nokkuð á spátímanum sem dregur úr verðbólgu. Auk þess reiknum við með að húsnæðisverð muni áfram




lækka um 3-4% á ári, næstu tvö árin og að verð á olíu og hrávörum fari áfram lækkanði. Því til viðbótar dregur verulega úr allri eftirspurn, bæði heimila og fyrirtækja, sem heldur aftur af verðhækkunum. Verðlag hækkar að meðaltali um 11% á milli árána 2008 og 2009, en verðbólga nær hámarki á fyrstu mánuðum þessa árs og gengur eftir það hratt niður og verður komin niður undir 3% í lok ársins. Útlit er fyrir að litlar breytingar verði á verðlagi á árinu 2010 en búast má við að verðlag geti lækkað tímabundið innan ársins. Verðlag tekur síðan að hækka að nýju á árinu 2011 þegar hagkerfið fer að sýna batamerki og verður verðbólga komin í 2% í árslok sama ár.

Veik króna

Gengi krónunnar tók að veikjast á fyrri hluta síðasta árs og féll síðan skart í kjölfar bankahrunsins sl. haust. Vonir manna stóðu til þess að gengið tæki að styrkjast á ný þegar krónan var sett á flot í desember og stífar hömlur settar á gjaldeyrisviðskipti. Þetta hefur hins vegar ekki gengið eftir nema að takmörkuðu leyti. Viðskipti á gjaldeyrismarkaði hafa síðan í haust verið mjög lítil og stór hluti þeirra af hálfu Seðlabankans. Gjaldreyrir hefur þrátt fyrir skilaskyldu borist seint og illa til landsins sem skýrist af ýmsum þáttum, s.s. lengri gjaldfrestum erlendra kaupenda og aukinni staðgreiðslu í viðskipum íslenskra innflytjenda. Þar að auki hefur borið á því að eigendur íslenskra króna erlendis kaupi gjaldreyri beint af íslenskum útflytjendum sem stuðlar að tvöföldu gengi á íslensku krónunni. Mikið útflæði gjaldeyris vegna hárra vaxtagreiðslna af erlendum skuldum vinnur einnig á móti styrkingu.

Óvissa varðandi þróun gengisins á næstu misserum er mikil og rétt er að leggja áherslu á að sú óvissa hefur víðtæk áhrif á framvindu efnahagsmála hér á landi á næstu árum. Við gerum í spá okkar ráð fyrir því að gengi krónunnar styrkist nokkuð á næstu tveimur árum og verði um 175 stig undir lok spátímabilsins. Forsenda þess að þetta gangi eftir er að það takist að nýju að skapa traust gagnvart íslensku efnahagslífi og umgjörð þess á erlendum vettvangi.



Vaxandi atvinnuleysi

Síðastliðið sumar var atvinnuleysi hverfandi hér á landi. Hálfu ári síðar eru um 13.500 manns án atvinnu. Á skömmum tíma er ástandið orðið mun verra en þegar verst lét um miðjan síðasta áratug. Miðað við hóflegar forsendur er tvísýnt að viðsnúningur verði á vinnumarkaði fyrr en á árinu 2011.

Horfur á vinnumarkaði ráðast mjög af því hvernig einkaneysla og fjárfestingar þróast, svigrúmi fyrirtækjanna til að bregðast við minni aðgangi að lánsfjármagni og viðbrögðum launafólks við breyttum aðstæðum. Lítum aðeins betur á tvö síðarnefndu atriðin.

Svigrúm fyrirtækjanna minnkar

Svigrúm fyrirtækja í flestum atvinnugreinum til að bregðast við takmörkuðum aðgangi að fjármagni og verkefnaskorti er lítið. Þetta sést best á fjölda hópuppsagna sem tilkynntar hafa verið til Vinnumálastofnunar. Í janúar sl. var t.d. tilkynnt um tíu hópuppsagnir þar sem samtals var sagt upp 167 einstaklingum. Um helmingur þeirra sem sagt var upp með þessum hætti störfuðu við mannvirkjagerð, aðrar uppsagnir dreifðust á flutningastarfsemi, fjármálastarfsemi, verslun, iðnað og upplýsinga- og útgáfustarfsemi. Ef lítið er á allar tilkynntar hópuppsagnir, sem borist hafa síðustu mánuði og koma til framkvæmda á árinu 2009, má sjá að flestir missa vinnu nú í febrúar, eða yfir 1.100 manns, tæplega 500 manns missa vinnuna í byrjun mars, ríflega 200 í byrjun apríl og um 100 manns í maí.

Þegar skyggst er tvö til þrjú ár fram í tímann má gera ráð fyrir að ríflega 10 þúsund störf tapist umfram þau nýju sem verða til á tímabilinu.

- Flest störf tapast í verslun og þjónustu. Þar kemur til umtalsvert meiri samdráttur í einkaneyslu en áður hefur verið gert ráð fyrir. Allt að tíu þúsund störf gætu tapast í þessum greinum.
- Mikill fjöldi starfa tapast einnig í mannvirkjagerð. Vegna samdráttar í fjárfestingum er hætt við að um fimm þúsund störf tapist þar, langflest á þessu ári. Það er ekki líklegt að aukin fjárfesting atvinnuveganna árið 2010 og 2011 leiði strax til verulegrar fjölgunar starfa í greininni.
- Þá verður sérhæfð þjónusta bankafólks, verkfræðinga, arkitekta, fasteignasala, ofl. fyrir þungu höggi og gætu rúmlega þrjú þúsund störf tapast þar.
- Þrátt fyrir að sjávarútvegur standi þokkalega af sér efnahagssamdráttinn er ólíklegt að greinin skili nýjum störfum inn í atvinnulífið. Þvert á móti er sennilegt að störfum í vinnslu fækki nokkuð líkt og verið hefur síðustu ár.
- Erfitt er að átta sig á hver heildarþróunin verður í iðnaði (öðrum en fiskvinnslu). Um afar fjölbretta starfsemi er að ræða og aðstæður ólíkar milli greina. Veik staða krónunnar ætti að styrkja stöðu útflutningsiðnaðarins svo og iðngreina sem keppa við innfluttar vörur. Margar iðngreinar eru aftur á móti nátengdar mannvirkjagerð og byggingariðnaði og standa illa í ljósi þess snarpa samdráttar sem þar hefur orðið.
- Ef gert er ráð fyrir að ferðaþjónusta þróist með svipuðum hætti og verið hefur undanfarin ár gætu orðið til hátt í tvö þúsund ný störf í greininni.
- Ætla má að meiri stöðugleiki verði ríkjandi á opinbera markaðinum en á þeim almenna og að störfum þar fjölgi nokkuð á tímabilinu.

Viðbrögð launafólks skipta máli

Eins og áður segir má lauslega áætla að á næstu þremur árum fækki störfum um rúmlega tíu þúsund umfram ný störf sem verða til. Þessu til viðbótar verður að gera ráð fyrir, miðað við eðlilega fólksfjölgun, að þörf sé á 7 þúsund nýjum störfum á sama tíma. Samkvæmt þessu yrðu hátt í tuttugu þúsund manns atvinnulausir í lok tímabilsins. Á móti þessu verður að taka tillit til þess að efnahagsþrengingar eins og þær sem við göngum nú í gegnum hafa margvísleg áhrif á hegðun fólks á vinnumarkaði, m.a. atvinnuþátttöku og ákvarðanir um búferlaflutninga. Í samanburði við önnur lönd er íslenskur vinnumarkaður tiltölulega sveigjanlegur hvað þetta varðar. Þessi sveigjanleiki hefur þau áhrif að atvinnulausum fjölgar ekki til samræmis við þann mikla fjölda starfa sem tapast.

Þá má einnig gera ráð fyrir að ýmsar vinnumarkaðsaðgerðir sem innleiddar hafa verið á síðustu vikum geti, ef vel tekst til, dregið úr verstu kvillum aukins atvinnuleysis. Úrræði eins og hlutabætur vegna skerts starfshlutfalls eða tímabundnar breytingar á ráðningarsamningum eru til þess fallin að dreifa byrði atvinnuleysisins á fleiri þannig að það lendi ekki með eins miklum þunga á hverjum einstaklingi. Önnur úrræði eins og möguleiki á að sækja námskeið, afla sér starfsþjálfunar eða jafnvel ganga til liðs við ýmiss konar átaksverkefni samhliða því að fá greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði skapa einstaklingum sem missa vinnuna skilyrði til að nýta tímann sem þeir eru án atvinnu á uppbyggilegan hátt.

Í vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar frá því í fyrra má þegar sjá ákveðin merki um aðlögun vinnumarkaðarins. Þannig dró nokkuð úr atvinnuþátttöku, fjölgun varð í hópi þeirra sem kjósa að standa utan vinnumarkaðar og meðalvinnutími styttest. Ætla má að erlendum starfsmönnum í landinu hafi fækkað um allt að helming frá upphafi til loka síðasta árs. Í skoðanakönnun sem Capacent Gallup gerði fyrir ASÍ um miðjan desember sl. kom fram að 14% þeirra sem eru í launaðri vinnu hafa lent í beinni launalækkun frá bankahrununu í byrjun október og starfshlutfall hefur verið lækkað hjá 7% aðspurðra.


Gera verður ráð fyrir áframhaldandi aðlögun vinnumarkaðarins að breyttum aðstæðum. Þannig mun atvinnuþátttaka sennilega dragast enn meira saman. Samt er ólíklegt að hún fari verulega niður fyrir sögulegt lágmark síðustu tuttugu ára. Þar kemur til að þau vinnumarkaðsúrræði sem nú eru í boði eru sniðin til að varðveita tengsl fólks við vinnumarkaðinn. Líklegt er að erlendum starfsmönnum fækki hægar á næstunni en verið hefur síðustu mánuði. Aftur á móti verður að gera ráð fyrir nokkurri aukningu í búferlaflutningum Íslendinga næstu misseri, því þótt nágrannalöndin eigi einnig við efnahagsörðugleika að etja þá er ástandið sýnu verst hér á landi.

Þróun atvinnuleysisins

Útlit er fyrir að atvinnuleysi nái hámarki á öðrum ársfjórðungi þessa árs, en þá gætu um 18 þúsund manns verið að fullu án vinnu sem svarar til um 10% atvinnuleysis. Ef gert er ráð fyrir að um 10% þeirra sem eru á atvinnuleysissskrá verði á hlutabótum á móti hlutastarfi má ætla að yfir 20 þúsund manns verði á atvinnuleysissskrá.

Ástandið mun batna yfir sumarmánuðina þegar fullur kraftur verður settur í ýmiss konar framkvæmdir og viðhaldsverkefni sem á annað borð eru á dagskrá. Með vetrinum fer atvinnulausum aftur að fjölga hratt og gætu jafnvel orðið enn fleiri á fyrri hluta næsta árs en í ár.

Miðað við þær forsendur sem hér er stuðst við er ólíklegt að viðsnúningur verði í atvinnumálum fyrr en 2011. Við spáum því að atvinnuleysi verði um 9% á þessu ári og því næsta en um 8% á árinu 2011.



Miðað við bjartsýnar forsendur má gera sér vonir um að

viðsnúningur verði á atvinnuástandinu heldur fyrr en hér er gert ráð fyrir. Til þess að það gangi eftir er ljóst að innspýting þarf að eiga sér stað í hagkerfið sem allra fyrst. Einnig er nauðsynlegt að hlúa vel að því fólki sem tímabundið missir atvinnuna svo það sé til taks þegar hjólin fara aftur að snúast. Síðast en ekki síst skiptir máli að marka trúverðuga atvinnustefnu þar sem nýsköpun er í öndvegi.

Miðað við svartsýnar forsendur gæti atvinnuleysi grafið varanlega um sig í íslensku samfélagi. Jafnvel þótt um síðir kæmi til einhver innspýting í hagkerfið þá gæti skaðinn verið skeður. Neikvæð viðhorf og væntingar gætu hamlað aukinni einkaneyslu og jafnvel leitt til verðhjöðnunar. Fyrirtækin sæju sér þá lítinn hag í að færa út kvíarnar og vinnufúsar hendur hefðu lítið við að vera.